

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
25.11.20	17:00	Teams	7
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Isabel Alejandra Diaz	Helga Lind Mar	25.11.20	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<i>Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku</i>			
<i>Vífill Harðarson fyrir Röskvu</i>			
<i>Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku</i>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<i>Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Tinna Alicia Kemp fyrir Ingi Pétursson fyrir Vöku</i>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<i>Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu</i>			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
<i>Magdalena Katrín Sveinsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Gabríela Sól Magnúsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
<i>Mars Proppé fyrir Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
<i>Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ</i>			
<i>Helga Lind Mar, framkvæmdastýra SHÍ</i>			
<i>Guðný Ljósbrá, varaforseti SHÍ</i>			
<i>Emily Reise, alþjóðafulltrúi SHÍ</i>			
<i>Bjarki Rafn Andrússon</i>			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<i>Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu</i>			

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 25. nóvember 2020 á Teams kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on November 25th 2020 on Teams at 17:00

1. Fundur settur 17:00
Meeting begins
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
Vote/approval on minutes from last meeting
3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25
Announcements and issues ahead
4. Kynning frá rektor Háskóla Íslands 17:25-18:05
Presentation from the Rector of the University of Iceland
5. Lagabreytingartillaga vegna skipun kjörstjórnar 18:05-18:20
Legislative amendment proposal due to the appointment of an electoral board
6. Tilnefningar í kjörstjórn (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:30
Nominations to the electoral board
7. Hlé 18:30-18:40
Intermission
8. Fjárhagsáætlun SHÍ (kynning og umræður) 18:40-19:00
SHÍ'S financial plan
9. Herferð SHÍ (umræða og atkvæðagreiðsla) 19:00-19:20

SHÍ'S campaign

10. Önnur mál 19:20 - 19:30

Other issues

11. Fundi slitið 19:30

Meeting ends

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

a. *Einróma samþykkt*

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25

Announcements and issues ahead

a. Lokapróf í desember/ *Final exams in december*

i. Smá update á samráðsfundum með ráðherra og yfirstjórn háskólans.

ii. Fyrirkomulagið verður ekki breytt og þarf að huga að næstu skrefum sem eru m.a. að gæta þess að fyrirkomulag prófa gangi vel fyrir sig. Staðið/fallið verður ekki heldur í boði og sjúkra- og endurektarprófin á FVS haldast óbreytt.

b. Nýr framkvæmdastjóri SHÍ

i. Forseti SHÍ fer yfir stöðuna en ráðninganefnd fór af stað í þar síðustu viku, fór yfir umsóknir, boðaði og tók viðtöl o.s.frv.

ii. Hjördís Sveinsdóttir ráðin.

c. Aldarafmæli SHÍ/ SHÍ's anniversary

i. Afmælishátíð, afmælisþáttur á RÚV og ný heimasíða / *Birthday celebration, birthday series on RÚV and new website.*

1. Afmælishátíðinni verður streymt úr hátíðarsal Aðalbyggingar og verður streymið aðgengilegt á heimasíðu Stúdentaráðs. Viðstaddir verða eingöngu þeir sem halda ávarp á hátíðinni.

2. Heimildapátturinn er farinn vel af stað og það verður kominn trailer 4. desember en enn óvíst hvenær hann verður tilbúinn að fullu. Forseti SHÍ fer stuttlega yfir uppbyggingu þáttarins.
 3. Við sjáum fyrir endan á heimasíðunni og stefnum á að setja hana í loftið 1. desember.
- d. 1. desember hátíðarhöld / *1st of december celebration*
- i. Vegna aðstæðna verða því miður engin hátíðarhöld en skrifstofan mun halda í hefðina og leggja krans og blóm að leiði Jóns Sigurðssonar ásamt rektor, fara með hugvekju og vekja athygli á litla fögnuðinum á samfélagsmiðlum.
- e. Geðheilbrigðishópur HÍ / *HÍ's Mental health group*
- i. Því miður var ekki hægt að ráða aðran sálfræðing og því verður boðið upp á fleiri hópmeðferðir.
- f. Umsagnabeiðnir til Stúdentaráðs / *Requests for opinions from the Student Council*
- i. Borist hafa 3 umsagnabeiðnir til Stúdentaráðs: menntastefna 2020-2030, breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og frumvarp til laga um útlendinga (aldursgreining)
- g. Fulltrúi stúdenta í öryggisnefnd háskólaráðs / *Students representative in the University Council's Security Committee*
- i. Verður auglýst fyrir næsta misseri
- h. Næstu Stúdentaráðsfundir / *Next Student Council meetings*
- i. 16. desember
- i. Stjórn Stúdentaráðs / *Board of the Student Council*
- i. Update frá síðasta fundi stjórnar / *Update from the previous Student Council meeting*
 1. Stuðningsyfirlýsing vegna hinsegin daga: Náðist ekki að senda neina stuðningsyfirlýsingu út þar sem áætlað var að gera hana í samstarfi við Q-félagið og slíkt náðist ekki.
 2. Fjárhagsáætlun: Helga Lind fór yfir drög að fjárhagsáætlun
 3. Lokapróf í desember: Stjórn fór yfir stöðuna á hverju sviði og íhugaði næstu skref
4. Kynning frá rektor Háskóla Íslands 17:25-18:05
Presentation from the Rector of the University of Iceland
- a. Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands verður með kynningu um HÍ og stefnumótun í kjölfar háskólaþings síðasta föstudag, 13. nóvember.
 - b. Stúdentaráðsliðar frá að raða stefnumálum skólans eftir mikilvægi í gegnum vefsíðu.

5. Lagabreytingartillaga vegna skipun kjörstjórnar 18:05-18:20
Legislative amendment proposal due to the appointment of an electoral board
 - a. Lagabreytingartillöguna er hægt að finna í fundargögnum.

LAGABREYTINGARTILLAGA

vegna skipun kjörstjórnar

gr.	<i>Breytingartillaga - A liður</i>
<p>A. Stúdentaráð kys fyrir 1. desember ár hver kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.</p> <p>B. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem við kemur kosningum. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmannskju við framkvæmd kosninga og halda atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ef ástæða þykir til.</p> <p>C. Kjörstjórn útbýr kjörskrá fyrir hvert fræðasvið og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kosning utan kjörfundar hefst. Kæur vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en kosning utan kjörfundar eða almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs. Ákveði kjörstjórn að kosning utan kjörfundar skuli ekki fara fram, miðast ofangreindir frestir við kjördag.</p> <p>D. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera minnst ein vika og rennur út 10 dögum fyrir kjörfund. Kjörstjórn skal auglýsa aðsetur sitt með almennum stúdentapósti, þar sem framboðum er veitt viðtaka og þar sem unnt er að ná sambandi við hana.</p>	<p>A. Stúdentaráð kys fyrir 1. desember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.</p> <p>B. Kjörstjórn er skipuð fjórum einstaklingum, tveir fulltrúar frá hvorri fylkingu og skulu fulltrúarnir ekki vera af sama kyni. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.</p> <p>C. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem við kemur kosningum. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmannskju við framkvæmd kosninga og halda atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ef ástæða þykir til.</p> <p>D. Kjörstjórn útbýr kjörskrá fyrir hvert fræðasvið og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kosning utan kjörfundar hefst. Kæur vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en kosning utan kjörfundar eða almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs. Ákveði kjörstjórn að kosning utan kjörfundar skuli ekki fara fram, miðast ofangreindir frestir við kjördag.</p> <p>E. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera minnst ein vika og rennur út 10 dögum fyrir kjörfund. Kjörstjórn skal auglýsa aðsetur sitt með almennum stúdentapósti, þar sem framboðum er veitt</p>

<p>E. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.</p> <p>F. Berist ekki framboð til tiltekins sviðs skal framlengja framboðsfrest á því sviði um 3 sólarhringa og fresta kosningum jafn lengi. Skal slík framlenging auglýst rækilega af kjörstjórn. Berist ekki nægilega mörg framboð til sviðsins eftir þann frest skulu framkomnir frambjóðendur, ef einhverjir eru, teljast sjálfkjörnir og nýkjörið Stúdentaráð skipar aðra fulltrúa á viðkomandi sviðs þar til það er fullmannað skv. 13. gr. Lýsi fleiri yfir áhuga á setu í Stúdentaráði á viðkomandi sviði við svo búíð skal Stúdentaráð kjósa milli þeirra hlutfallskosningu.</p> <p>G. Séu frambjóðendur til Stúdentaráðs á viðkomandi sviði ekki fleiri en fulltrúar þess sviðs skoðast þeir frambjóðendur sjálfkjörnir.</p> <p>H. Berist færri en fjögur framboð til háskólaráðs skal nýkjörið Stúdentaráð skipa aðalfulltrúa og/eða varafulltrúa í háskólaráð þar til ráðið er fullskipað og réttum fjölda varafulltrúa náð.</p> <p>I. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun, svo sem atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla, rafrænna jafnt sem skriflegra. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kýs.</p>	<p>viðtaka og þar sem unnt er að ná sambandi við hana.</p> <p>F. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.</p> <p>G. Berist ekki framboð til tiltekins sviðs skal framlengja framboðsfrest á því sviði um 3 sólarhringa og fresta kosningum jafn lengi. Skal slík framlenging auglýst rækilega af kjörstjórn. Berist ekki nægilega mörg framboð til sviðsins eftir þann frest skulu framkomnir frambjóðendur, ef einhverjir eru, teljast sjálfkjörnir og nýkjörið Stúdentaráð skipar aðra fulltrúa á viðkomandi sviðs þar til það er fullmannað skv. 13. gr. Lýsi fleiri yfir áhuga á setu í Stúdentaráði á viðkomandi sviði við svo búíð skal Stúdentaráð kjósa milli þeirra hlutfallskosningu.</p> <p>H. Séu frambjóðendur til Stúdentaráðs á viðkomandi sviði ekki fleiri en fulltrúar þess sviðs skoðast þeir frambjóðendur sjálfkjörnir.</p> <p>I. Berist færri en fjögur framboð til háskólaráðs skal nýkjörið Stúdentaráð skipa aðalfulltrúa og/eða varafulltrúa í háskólaráð þar til ráðið er fullskipað og réttum fjölda varafulltrúa náð.</p> <p>J. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun, svo sem atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla, rafrænna jafnt sem skriflegra. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kýs.</p>
---	--

Breytingartillaga frá Lenyu

Taka út að aðilar megi ekki vera af sama kyni.

"og skulu fulltrúarnir ekki vera af sama kyni"

Kosning;

- Sammála: 15; Arnaldur, Hólmfríður M, Sóley Arna, Lenya, Ingibjörg Iða, Tinna Alicia, Urður, Salóme, Ástráður, Mars, Magdalena, Vífill, Gabriela, Brynhildur
- Situr hjá: 1; Erlingur
- Á móti: 0
 - Tillaga samþykkt

Kosið um tillöguna í heild sinni

- Samþykkt einróma

6. Tilnefningar í kjörstjórn (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:30

Nominations to the electoral board

- a. Fylkingar tilnefna fulltrúa í kjörstjórn, í samræmi við lagabreytingartillöguna sé hún samþykkt.

25. nóvember 2020

Tilnefningar í kjörstjórn 2021

Samkvæmt a-lið 32. gr. laga Stúdentaráðs kýs Stúdentaráð fyrir 1. desember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs og sviðsráða. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.

Samkvæmt b-lið 32. gr. er kjörstjórn skipuð fjórum einstaklingum, tveir fulltrúar frá hvorri fylkingu. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Hlutverk forseta kjörstjórnar hefur það í för með sér að ef atkvæði falla jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.

Tilnefningarnar sem bárust voru eftirfarandi:

Röskva: Alexandra Ýr van Erven, Jónas Már Torfason (forsæti)

Vaka: Eiríkur Búi Halldórsson (forsæti), Lejla Cardaklija

- Þurfum að kjósa á milli tilnefninga í forsæti af því að báðar fylkingar tilnefna í forsæti.

- Er einhver sem óskar eftir leynilegri atkvæðagreiðslu?
 - Enginn sem óskar eftir því.
- Kosið um að flýta hléi og kjósa um þennan dagskrálið eftir hlé
 - Einróma samþykkt
- Kjör í kjörstjórn og um forsæti kjörstjórnar
 - Tilnefning í kjörstjórn
 - Einróma samþykkt
- Fjör um forsæti.
 - Jónas Már; 11;
 - Eiríkur Búi 4;
 - Jónas Már fer því með forsæti í kjörstjórn

7. Hlé 18:30-18:40

Intermission

8. Fjárhagsáætlun SHÍ (kynning og umræður) 18:40-19:00

SHÍ'S financial plan

- a. Helga Lind framkvæmdastýra kynnir fjárhagsáætlun ráðsins.

9. Herferð SHÍ (umræða og atkvæðagreiðsla) 19:00-19:20

SHÍ'S campaign

- a. Tillaga að herferð SHÍ í samræmi við niðurstöður stefnumótunarferðar og áherslur SHÍ sl. mánuði. Tillöguna er að finna í fundargögnum.

25. nóvember 2020

Tillaga að herferð SHÍ 2020

Hefð er fyrir því að Stúdentaráð fari í herferð á hverju starfsári og eru dæmi um slíkar herferðir t.d. „fjárfestum í menntun“ frá haustmíssi 2019. Herferðin snýst um áherslur ráðsins hverju sinni og í stefnumótunarferð Stúdentaráðs á þessu starfsári voru skrásetningargjölin og atvinnuleysisbótakrafan þær hugmyndir sem komu oftast fram, sbr. kynning á niðurstöðum ferðarinnar kynntar á Stúdentaráðsfundi 24. ágúst 2020.

Undirrituð leggja hér til að herferð Stúdentaráðs verði að þessu sinni um fjárhagslega stöðu stúdenta á tímum COVID-19, í takt við áherslur ráðsins á árinu. Meginefni herferðarinnar yrði því erfið fjárhagsstaða stúdenta og ákall eftir langtímalausnum.

Rökstuðningur

Ljóst er að staða stúdenta á vinnumarkaði hefur farið versnandi á árinu sökum kórónuveirufaraldursins. Fyrstu tölur úr alþjóðlegu [EUROSTUDENT VII](#) könnuninni sýna að 72% íslenskra stúdenta vinna til að sjá fyrir sér, sem er [3% aukning](#) frá því að könnunin var lögð fyrir síðast 2016-2018. Þá sýnir hún einnig að 31% íslenskra stúdenta eiga í fjárhagslegum erfiðleikum. [Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands](#) sýnir einnig tæp 18% atvinnuleysi meðal námsfólks á öðrum ársfjórðungi en svona há tala hefur ekki sést síðan eftir hrun. Þá er ungt fólk nær helmingur atvinnulausra, eða 46%, samkvæmt nýjustu [atvinnuleysistöllum Vinnumálastofnunnar](#) en þess má geta að stúdentar eru ekki meðtaldir þar, því þeir eru ekki á atvinnuleysiskrá.

Hér er lagt til að erfið fjárhagsstaða stúdenta sé efni herferðarinnar og skuli því fjalla m.a. um atvinnuleysisbótakröfa Stúdentaráðs, skörun atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins og ófullnægjandi kjör Menntasjóðs námsmanna. Útfærsluatriði yrðu í höndum skrifstofu Stúdentaráðs, sem eins og stendur sér fyrir sér herðferð í formi nokkurra myndbanda þar sem farið er yfir ofangreind mál skref fyrir skref. Það er mikilvægt að Stúdentaráð og rödd stúdenta sé leiðandi í umræðunni og viljum við geta hafið herferðina sem fyrst, eða um leið og það á við sökum aðstæðna í samfélaginu.

*Isabel Alejandra Díaz forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Sara Þóll Finnbogadóttir lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

Breytingatillaga frá Lenyu.

Að útfærsla verði ekki bara í höndum skrifstofu heldur með einn aðila frá hvorri fylkingu líka.
"ásamt einum fulltrúa úr hvorri fylkingu"

Kosning um breytingatillögu

- Samþykkt: 14; Arnaldur, Mars, Ástráður, Magdalena, Salóme, Urður, Brynhildur, Ingibjörg, Gabriela, Erlingur, Sóley, Lenya, Tinna Alicia, Hólmfríður M,
- Á móti: 1, Vífill
- Situr hjá: 0
 - Tillagan samþykkt

Kosning um tillöguna í heild sinni

- Samþykkt: 13; Arnaldur, Mars, Ástráður, Magdalena, Salóme, Urður, Brynhildur, Vífill, Ingibjörg, Gabriela, Erlingur, Sóley, Lenya

- sitja hjá: 2; Tinna Alicia, Hólmfríður M,
 - Tillaga samþykkr

10. Önnur mál 19:20 - 19:30

Other issues

- a. Isabel.
 - i. Skólinn er að huga að því að festa kaup á appi sem er til þess fallið að sporna við einmannaleika.
 - ii. Vilja gefa einum úr hverju sviðsráði sem á að testa þetta app og hittast svo aftur eftir viku og ræða upplifum sína.

Sóley Arna yfirgefur fundinn 19:21

11. Fundi slitið 19:30

Meeting ends